

Sigurður Ingi Jóhannsson,
Anna Gunnhildur Ólafsdóttir.

Ég vil byrja á því að biðjast afsökunar á töfni sem orðið hefur á því að senda svar við tölvupósti sem sendur var sveitarfélaginu 10.maí s.l.

Á fundi hreppsnefndar Árneshrepps hinn 19.maí s.l. tók hreppsnefndin fyrir tölvupóst frá Innviðaráðuneytinu varðandi sameiningar sveitarfélaga sem eru með undir 250 íbúa. Nokkrum sinnum á síðustu árum hafa átt sér stað þreifingar um sameiningar, m.a.s. sameiningu allra Vestfjarða í eitt sveitarfélag. Hér hafa í gegnum tíðina farið fram atkvæðagreiðslur um sameiningar að minnsta kosti í tvígang og var tillagan samþykkt í fyrra skiptið, en hafnað í það síðara. Núverandi hreppsnefnd hefur hins vegar beðið átektu eftir því að einhver af stærri sveitarfélögum, nágrennar eða ekki, hafi óskað eftir viðræðum við sveitarfélagið sem ekki hefur gerst. Við erum hins vegar jákvæð gagnvart öllum breytingum sem geta orðið til styrkingar og eflingar þessa landssvæðis sem alltaf hefur verið frekar afskipt, bæði landfræðilega og félagslega.

Þær viðræður sem farið hafa fram, bæði á síðasta og núverandi kjörtímabili hafa ekki skilað miklum árangri, en samt standa yfir einhverjar viðræður hér og þar um Vestfirði. Það liggja eflaust margar ástæður til þess að ekki hefur gengið sem best að sameina t.d. sveitarfélögin á Ströndum og má þar nefna nokkur atriði;

- Samgöngur til og frá Árneshreppi hafa ekki verið sem skyldi og engan veginn nærri því að standast kröfur um nálægð á milli og til næstu þéttbýliskjarna.
- Sveitarfélögin þrjú á Ströndum, Strandabyggð, Kaldrananeshreppur og Árneshreppur eru mjög misjafnlega stöðfjárhagslega.
- Öll þrjú sveitarfélög hafa átt í ýmsum erfiðleikum, bæði félagslegum, rekstrarlegum og fjárhagslegum sem gerir það erfiðara að leysa ein og sér eða sameiginlega þau mál sem leysa þarf til að hægt sé að sameina þau.

Þessi þrjú sveitarfélög eiga eftir sem áður í margs konar samstarfi og svo eru þau enn fremur í miklu samstarfi við restina af sveitarfélögum á Vestfjörðum. Þetta samstarf mun væntanlega hjálpa til við að koma viðtalinu í gang þegar Árneshreppi gefst kostur á að ræða sameiningar við önnur sveitarfélög.

Með bestu kveðjum,

Eva S.

Eva Sigurbjörnsdóttir
oddviti Árneshrepps
sími skrifstofa 451-4001
GSM 847-2819

